



Viðtakandi: Menningar- og viðskiptaráðuneytið  
(Samráðsgátt)  
Sölvhólsögötu 4, 101 Reykjavík

Ísbrú - félag kennara sem kenna íslensku sem annað mál  
Netfang: isbru.felag@gmail.com  
Lögheimili: Borgartún 30, 101 Reykjavík  
Kennitala: 660499-2969

Reykjavík, 30. júní 2023

## Umsögn um Drög að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026

Ísbrú er félag kennara sem kenna íslensku sem annað mál.<sup>1</sup> Félagið fagnar nýjum drögum að aðgerðaráætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026. Áherslur félagsins og tillögur er varðar eflingu íslenskrar tungu hafa áður komið fram í erindi “Íslenska sem annað mál sem sjálfstæð námsgrein” sem Ísbrú sendi frá sér þann 4. apríl til mennta- og barnamálaráðuneytisins. Einnig í minnisblaði sem sent var til ráðherranefndar um málefni íslenskrar tungu þann 12. janúar í kjölfar málþings Ísbrúar og RÍM (Rannsóknarstofu í máltileinkun) „Íslenska sem annað mál - Raddir allra skólastiga“ sem fór fram 19. nóvember 2022. Málþingið fjallaði um stöðu íslensku sem annars máls á öllum skólastigum. Umfram þá punkta, sem viðbrögð við ofanefndum drögum, vill Ísbrú koma eftirfarandi punktum á framfæri:

2.) Um bætt gæði íslenskukennslu. Við viljum hvetja til þess að íslenska sem annað tungumál verði viðurkennd sem sjálfstæð námsgrein í grunnskólum, ekki undirnámsgrein eins og hún er nú og að gerð verði viðmiðunarstundatafla fyrir hana eins og aðrar námsgreinar. Í framhaldsskólum þarf að fjölga skólum sem bjóða upp á kennslu í Íslensku sem öðru máli og að viðurkenna hana sem kjarnánámsgrein fyrir þá nemendur sem þurfa að læra íslensku sem annað mál. Endurskoða þarf aðalnámskrá framhaldsskóla með tilliti til þess hóps.

---

<sup>1</sup> Tilgangur félagsins er meðal annars að efla fagvitund þeirra sem kenna íslensku sem annað tungumál eða starfa að fræðslumálum fyrir útlendinga/tvítyngda, að vera vettvangur kynningar og umræðu meðal félagsmanna, að vinna að bættri aðstöðu til fræðslu og íslenskukennslu á Íslandi, að styrkja stöðu fræðslunnar innan skóla og stofnana, að vera tengiliður milli þeirra sem kenna íslensku sem annað tungumál og yfirvalda, og að koma á og viðhalda tengslum við önnur félög tungumálakennara á Íslandi og erlendis.

3.) ÍSBRÚ fagnar að komið verði á fót rafrænum prófum í íslensku sem byggja á Samevrópska tungumálaráttum. Það er mikilvægt til að tryggja framgang námsgreinarinnar íslenska sem annað tungumál á fullorðinsfræðslustigi.

7. og 8.) Íslenska á undir högg að sækja víða í samfélaginu og sérstaklega þegar kemur að afþreyingu barna og ungmenna. Það þarf að stóruka framlög til listamanna til að tryggja að í boði sé afþreying á íslensku, hvort sem það eru tölvuleikir, bækur, tónlist, leiklist eða önnur afþreying. Það þarf fjölbreyttar leiðir til að lyfta upp listum sem fara fram á íslenskri tungu, það þarf samkeppnir, listahátíðir og fé til að listafólk geti unnið við að skapa list á íslensku og stuðla þar með að því að börn og ungmenni hafi kost á því að velja sér afþreyingu á íslensku.

Að lokum vill Ísbrú ítreka að námsefni í íslensku sem öðru tungumáli er af skörum skammti. Þegar Ísland stendur frammi fyrir því verkefni að taka á skömmum tíma á móti stórum hópi nemenda af erlendum uppruna, þurfa skólakerfin að hafa fjölbreytt og faglega unnið námsefni og kennsluáferðir til að geta kennt íslensku. Að ætla nemendum að læra íslensku án fullnægjandi bjarga og kennurum að kenna nemendum íslensku án tilhlýðilegra gagna er ólíðandi. Það er vægt til orða tekið að aðkallandi sé að gripið sé hratt til aðgerða til að tryggja nemendum kennslugögn við hæfi.

Einnig viljum við benda á það að félagið Ísbrú er tilbúið til samstarfs við Menningar- og viðskiptaráðuneyti og aðra hlutaeigandi, enda eru í stjórn þess fulltrúar frá öllum skólastigum (leik-, grunn-, framhalds- og háskóla, ásamt fullorðinsfræðslu) sem sinna íslenskukennslu og undirbúningi kennara. Bæta mætti Ísbrú við sem samstarfsaðila víða í tillögunum, þar sem Ísbrú hefur lengi staðið fyrir námskeiðum og fræðslu til kennarasamfélagsins og hyggjumst við efla það starf enn frekar.

Virðingarfyllt,

Stjórn Ísbrúar:

Þorbjörg Halldórsdóttir, Sveindís Valdimarsdóttir, Danijela Zivojinovic, Joanna Dominiczak, Renata Emilsson Peskova, Sigrún Gunnarsdóttir, Sigrún Eiríksdóttir, Erla Guðrún Gísladóttir, Sólborg Jónsdóttir.